

Umhverfisnefndarfundur 16. Ágúst 2021

Mættar: Aga, Aldís, Árdís, Bára, Eyrún, Gugga, Guðrún, Hugrún, Ingibjörg (fh), Selma, Sigurbjörg, Tedda, Védís.

Starfsfólk skoðaði þau þemu sem eru innan grænfánans. Út frá því starfi sem hefur verið í gangi, kom umræða að við vildum bæta okkur í hnattrænu jafnrétti og ætlum því að hafa það sem þema þetta grænfánatímabil. Eftirfarandi punktar verða hafðir að leiðarljósi við markmiðssetningu, efst er það sem starfsfólk vill helst leggja áherslu á.

- Vinna markvisst með þjóðerni eða uppruna nemenda og starfsfólks innan skólans og kynna þannig ólík lönd og menningarheima.
- Kynna Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Skoða hvaðan hlutir og matur sem við neytum kemur. Kemur allt frá Íslandi eða kemur það frá öðrum löndum líka?